



Til: jon@skipulag.is, "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>
Efni: Jarðböðin við Mývatn - matsskylda - umsögn
Upplýsingar: Sent: 20-08-2019 10:56:45 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070046, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019070046

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 30. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum framkvæmd við jarðböðin við Mývatn skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin nær til allt að 2.500 fermetra þjónustu og baðhúss og stækkun á baðlóni um allt að 1.500 fermetra. Framkvæmdin er innan núverandi skipulagssvæðis og „innan“ og við það svæði sem nú þegar hefur verið tekið undir jarðböðin. Gert er ráð fyrir að núverandi byggingar víki.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerðina um jarðböðin við Mývatn. Miðað við staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda, umfangs þeirra og að þær eru á svæði sem þegar hefur verið raskað að hluta vegna jarðbaða og með hliðsjón af 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þá telur Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Þessi afstaða Náttúrufræðistofnunar byggir á því að farið verði eftir mótvægisáðgerðum sem koma fram í greinargerð með fyrirhugaðri framkvæmd. Leggur stofnunin mikla áherslu á að farið verði að íturstu kröfum um mengunarvarnir vegna fráveitu og að íturstu varðúðar verði gætt svo jarðminjum / jarðmyndunum, s.s. túffstöbbum og hverum, verði ekki raskað. Sama á við um að laga byggingar að landslagi. Jafnframt þarf að mati Náttúrufræðistofnunar að taka sérstakt tillit til plantna á svæðinu, sjá m.a. mynd 3.3. og hanna t.d. viðbót við böðin með þeim hætti að fágætum plöntum sé hlíf og það tryggt að svæði með fágætum plöntum verði ekki úttroðið af baðgestum.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

